

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 33. fundur.

að Hlíðavegi 6, 26. 2. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Hugmyndir um nýtt vegarstæði norðan Dyngjufjalla.
3. Drög að samningi um rekstur og vörslu Skjólbrekku.
4. Drög að samningi um búfjárefntirlit.
5. Músik í Mývatnssveit, styrkbeiðni.
6. Málefni hitaveitu. Pétur Guðmundarson, hrl. mætir á fundinn.

Til kynningar: i. Ársreikningur Félags eldri Mývetninga 2003.
ii. Bréf Vegagerðar ríkisins um vegslóða í Mývatnssveit.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund.
2. **Hugmyndir um nýtt vegarstæði norðan Dyngjufjalla.**
Samþykkt að tilnefna Kristján Stefánsson og Birki Fanndal í viðræðuhóp með fulltrúum Þingeyjarsveitar og Austfirðinga um veltengingu við Austurland inni á hálendinu.
3. **Drög að samningi um rekstur og vörslu Skjólbrekku.**
Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi drög en leigutaki er sáttur við þau

DRÖG feb 2004

Skútustaðahreppur, 600269-1009, hér eftir nefndur leigusali og Mývatn ehf.

520491-1399 hér eftir nefndur leigutaki gerum með okkur eftirfarandi

samning um rekstur og vörslu Skjólbrekku.

1. grein.

Leigusali leigir leigutaka félagsheimilið Skjólbrekku frá 1. jan. 2004 til 31. des. 2006 með þeim búnaði sem húsinu tilheyrir.

2. grein.

Leigutaki greiðir rafmagnskostnað og mun jafnframt annast vörslu og þrif hússins.

3. grein.

Leigusali greiðir annan rekstrarkostnað hússins svo sem brunatryggingar, tryggingar lausafjár sem eru í hans eigu, hitaveitu og annast jafnframt eðlilegt viðhald.

4. grein.

Leigutaki fær í sinn hlut allar tekjur sem af starfseminni verða. Skútustaðahreppur mun þó fá Skjólbrekku til afnota án greiðslu vegna lögbundinna kosninga, sem og til opinna funda í tengslum við lögbundnar kosningar.

5. grein

Undanþegið samningi þessum er húsnæði það sem hýsir bókasafn í kjallara sem og kjallaraherbergi í s-austur horni Skjólbrekku um 70m² að stærð, sem Ungmennna og Íþróttafélagið Mývetningur hefur til afnota. Aðgangur að því herbergi verði tryggður um kjallarainngang að austan.

6. grein.

Leigusali skal skila húsnæði og búnaði Skjólbrekku í sama ástandi og hann tók við því við upphaf samnings utan þess sem eðlileg slit mega teljast.

7. grein.

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara af hálfu beggja samningsaðila. Takist um það samkomulag beggja aðila er heimilt að framlengja samning þennan.

8. grein.

Aðilar samningsins skulu í sameiningu gera lista yfir þann búnað sem tilheyrir húsinu við upphaf samningstímans.

9. grein.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal málið rekið fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá samningnum.

4. Drög að samningi um búfjárefirlit.

Eftirfarandi drög voru fram lögð

Samningur. Drög 29.1. 2004.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga annarsvegar og Búfjárefirlitsnefnd Þingeyjarsveitar, Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps hinsvegar gera með sér svofellðan samning:

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga tekur að sér að sjá um framkvæmd búfjárefirlits í þessum sveitarfélögum í samræmi við ákvæði laga um búfjárhald o.fl. nr. 105/ 2002 og reglugerð nr 743 / 2002.

Fyrir það eftirlit, sem ekki fellur undir gjaldtökuheimildir samkvæmt lögum nr. 105/ 2002 og reglugerð nr 743/ 2002 greiði sveitarfélögin 590.000 kr. launaframlag og skiptist kostnaðurinn milli þeirra í réttu hlutfalli við þann fjölda búfjáreigenda í hverju sveitarfélagi, sem skýrsla er gerð fyrir. 40% samingsupphæðar greiðist í marsmánuði, 40% í aprílmánuði og 20% í desembermánuði.

Fyrir eftirlit er fellur undir gjaldtökuheimildir greiðist sem hér segir:

Skýrslublöð sótt heim til búfjáreiganda. Fast gjald kr. 5.000.- án vsk.

Sérstakar eftirlitsferðir sbr. 12. gr. laga nr. 105/2002 eða vegna ábendinga um vanhvirðu o.fl. Fast gjald kr. 8.000.- án vsk.

Fyrir vinnu samkvæmt 4. mgr. 10.gr laga nr. 105/2002. Kr. 2.000.- án vsk. á unninn klukkutíma. Akstur kr. 49.- án vsk. á ekinn km.

Samningur þessi tekur gildi 31.1. 2004. Segi hvorugur samningsaðilinn honum upp fyrir 31. janúar ár hvert framlengist hann sjálfkrafa til jafnlengdar á næsta ári. Samningsaðilar skuldbinda sig til að taka verðlagsákvæði samningsins til endurskoðunar fyrir 31. janúar ár hvert.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að vinna að gjaldskrá í samstarfi við Þingeyjarsveit og Aðaldælahrepp og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

5. Músik í Mývatnssveit, styrkbeiðni.

Samþykkt að styrkja verkefnið um 50 þúsund krónur.

6. Málefni hitaveitu. Pétur Guðmundarson, hrl. mætir á fundinn.

Oddviti lagði til að fundinum yrði lokað þar sem um trúnaðarmál væri að ræða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.